

Félag lóðarhafa Kiðjabergi, Grímsnesi.

Samskipta- og umgengnisreglur fyrir sumarhúsasvæðið að Kiðjabergi.

- Félagsmenn og gestir þeirra skulu gæta þess að ganga vel um Kiðjabergsland og brýna fyrir þeim sem fyrir þá vinna að gera slíkt hið sama. Félagsmenn og gestir þeirra skulu ekki skilja eftir rusl á víðavangi og ekki valda spjöllum á gróðri. Forðast skal að valda öðrum ónæði. Lóðamörk skulu undantekningarlaust virt. Berjatínsla og önnur óviðkomandi umferð á lóðum annarra er því bönnuð
- Akstur vélknúinna ökutækja annarra en golfbíla er með öllu óheimil á göngustígum. Akstur fatlaðs fólks á farartækjum sérstaklega ætluð þeim er leyfð á göngustígum enda virði þeir leyfðan hámarkshraða sbr. 3. grein.
- Hámarkshraði ökutækja á stofnvegum og stígum er 30 km. á klst.
- Verði félagismaður valdur að skemmdum á vegum í Kiðjabergslandi vegna þungaflutninga og/eða framkvæmda eða annara athafna, þá skal hann bæta það tjón að fullu og sjá til þess á sinn kostnað, að vegirnir verði aftur eins og þeir voru fyrir tjónið. Félagsmenn eru minntir á að í gildi eru að öllu jöfnu sérstakar þungatakmarkanir frá 1. apríl til 15. maí en þá er leyfilegur öxulþungi aðeins 3 tonn (sá tími sem frost er að fara úr jörðu). Við sérstakar aðstæður gæti þó þetta tímabil breyst. Þá er mælt til þess að þungaflutningar fari ekki fram um helgar.
- Bent er á varðandi gróðursetningu trjáplantna, að fólk taki tillit til nágranna og öryggissvæðis meðfram vegum og stígum.
- Æskilegt er að útilýsing sé höfð í hófi og útiljósum beint niður á við til að koma í veg fyrir ljósmengun.
- Lausaganga gæludýra er óheimil á sumarhúsasvæðinu.
- Meðferð opins elds er bönnuð á sumarhúsasvæðinu. Eld má einungis tendra í þar til gerðum útigrillum og útiarinstæðum og ávallt skal gæta fyllstu varkárni og öryggis við meðferð elds í slíkum búnaði og einnig við notkun flugelda.
- Drónum eða öðrum fjarstýrðum loftförum skal ekki flogið yfir hús, fólk, ökutæki eða friðsvæði fugla og dýra.
- Frágangur á sorpi við ruslagáma skal vera þannig að ekki valdi óþrifum eða spjöllum á náttúrunni.

Félagsmenn skulu kynna þessar reglur fyrir gestum sínum.

Samþykkt á aðalfundi Félags lóðarhafa Kiðjabergi 15. mars 2017.